

Nr. 641.

1044

10. nóvember 1981.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

	U. S. § pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,30
Blokkfrystur hörpudiskur	3,05
Rauður hörpudiskur	1,80

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. nóvember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 642.

10. nóvember 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219 9. maí 1979, sbr. reglugerð nr. 78/1981, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. og 2. málsgrein 6. greinar reglugerðarinnar falla niður, en í stað þeirra koma eftirfarandi málsgreinar:

Atvinnuleyfi skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn.

Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frami, einn af launþegum, sem ekki eru sjálfseignabilstjórar, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar. Rétt til að velja úthlutunarmann úr hópi launþega hafa þeir einir sem eru starfandi sem slíkir og hafa verið það óslitið undanfarandi 6 mánuði. Skulu

atvinnuleyfi og tilkynningar um þau undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningar eru til eins árs í senn fyrir úthlutunarmann tilnefndan af launþegum, en til þriggja ára fyrir hina úthlutunarmennina.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 26 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.